

# Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta).**

---

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingarsjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða.

---

*Samþykkt á Alþingi 4. maí 2021.*